

Starfsreglur Gervigreindarseturs Háskóla Íslands

Samþykkt á stjórnarfundum Verkfræði- og náttúruvísindasviðs 2025-08-27

1. gr.

Almennt

Við Verkfræði- og náttúruvísindasvið (VoN), í samstarfi deilda og stofnana fræðasviðsins, er starfrækt rannsóknasetur sem ber heitið Gervigreindarsetur Háskóla Íslands, Rannsóknasetur í gervigreind og gagnavísindum (hér eftir nefnt *setrið*). Setrið heyrir undir fræðasviðið miðlægt.

2. gr.

Hlutverk

Hlutverk setursins er að:

- Styðja við rannsóknir og rannsóknasamstarf akademískra starfsmanna háskólans og nemenda á fjölbreyttum sviðum gervigreindar og gagnavísinda.
- Standa að birtingu niðurstaðna í ritrýndum vísindatímaritum og á öðrum fræðilegum vettvangi.
- Auka aðgengi framhaldsnema að hagnýtum rannsóknarverkefnum og veita nemendum fræðilegt aðhald.
- Stuðla að eflingu framhaldsnáms á sviðum gervigreindar og gagnavísinda og félagslegra tengsla framhaldsnema.
- Vera farvegur fyrir miðlun þekkingar á milli fræðasamfélagsins og almennings og stjórnvalda, t.d. með því að stuðla að útgáfu, vinnustofum, fræðslufundum og opnum fyrirlestrum.
- Hvetja til vinnubragða sem standast siðferðislega skoðun, þannig að gervigreindar- og gagnavísindalausnir séu samfélagslega ábyrgar og stuðli að sjálfbærri þróun.

3. gr.

Aðild að setrinu

Öllum rannsakendum við Háskóla Íslands, sem vinna að verkefnum tengdum gagnavísindum eða gervigreind, býðst að vera aðilar að setrinu.

Aðilar setursins skulu vera virkir í starfsemi þess, vinna að markmiðum þess með rannsóknum, kennslu eða þekkingarmiðlun og viðhafa vinnubrögð í samræmi við akademísk gildi.

4. gr.

Stjórn og faglegur leiðtogi

Forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs skipar setrinu fimm manna stjórn til tveggja ára í senn, frá 1. júlí að telja, þar af einn stjórnarmeðlim án tilnefningar. Tveir skulu tilnefndir af stjórn Raunvísindastofnunar í samráði við Eðlisvísindastofnun og tveir skulu tilnefndir af stjórn Verkfræðistofnunar. Leitast skal við að stjórnin endurspegli víðan hóp og að hámarki tveir fulltrúar í stjórn tilheyri sömu námsbraut. Stjórnin kys úr sínum hópi formann og varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Hlutverk stjórnar er að:

- Móta stefnu og áherslur í starfsemi setursins í samræmi við hlutverk þess.
- Tryggja faglega og fjárhagslega ábyrgð á starfsemi setursins gagnvart forseta Verkfræði- og náttúruvísindasviðs.
- Samþykkja rekstrar- og fjárhagsáætlun ár hvert og geri tillögu til forseta VoN um fjárveitingar.
- Skila ársskýrslu um ráðstöfun fjár og starfsemi setursins til forseta Verkfræði- og náttúruvísindasviðs, sbr. 6. gr.

Forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs skipar setrinu faglegan leiðtoga sem leiðir daglega starfsemi setursins og fylgir eftir stefnu stjórnar. Faglegur leiðtogi skal að lágmarki hafa hæfi til að gegna starfi rannsóknarlektors. Hann skal, þar til annað verður ákveðið, vera starfandi við reiknifræðideild stærðfræðistofu Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands. Hann ber ábyrgð á því að verkefni setursins séu framkvæmd í samræmi við tilgang þess, markmið og starfsáætlun, tryggir gæði rannsókna og annarrar starfsemi, og hefur umsjón með samskiptum við samstarfsaðila og hagsmunaaðila.

Skrifstofa Verkfræði- og náttúruvísindasviðs heldur skrá um aðila að setrinu og annast umsýslu fjármála og rekstrar. Formaður stjórnar boðar stjórnarfundum með minnst þriggja daga fyrirvara. Í fundarboði skal greina frá dagskrá fundar. Skyld er að boða stjórnarfund óski meirihluti stjórnarmanna þess. Sama gildir ef forseti VoN ber fram slíka ósk og hefur þá hann, eða sá sem sækir fund í umboði hans, málfrelsi og tillögurétt á fundinum. Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundum, ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum. Stjórn skal halda fundargerðir og færa þar einnig til bókar allar ákvarðanir sem teknar eru með millifundasamþykktum. Fundargerðir skulu vistaðar í skjalakerfi Háskóla Íslands.

5. gr.

Fjármál

Tekjur setursins eru eftirfarandi:

- Framlag frá Verkfræði- og náttúruvísindasviði, aðildardeildum og stofnunum.
- Aðrar tekjur geta verið styrkir til einstakra verkefna úr innlendum og erlendum sjóðum eða vegna samstarfsverkefna.
- Gjafir og almennir styrkir.

Reikningshald setursins er hluti af reikningshaldi Háskóla Íslands og lýtur reglum þess.

Fjárhagsáætlun skal borin undir forseta Verkfræði- og náttúruvísindasviðs til staðfestingar, sbr. 4. gr.

Veiti setrið þjónustu í frjálstri samkeppni við atvinnustarfsemi annarra aðila, skal sú starfsemi afmörkuð frá öðrum rekstri. Gæta ber að þeim ákvæðum samkeppnislaga sem banna niðurgreiðslu samkeppnisrekstrar með opinberu fé.

Um stjórnunar- og aðstöðugjald gilda reglur Háskóla Íslands.

6. gr.
Ársskýrsla

Setrið skilar árlegri skýrslu um starfsemi sína til forseta Verkfræði- og náttúruvísindasviðs. Skýrslan skal vera opin og aðgengileg á heimasíðu Verkfræði- og náttúruvísindasviðs og heimasíðu Raunvísindastofnunar. Skýrslan skal innihalda yfirlit um:

- Rannsóknarverkefni og niðurstöður.
- Fjárhagsstöðu og fjármögnun.
- Áætlanir um framtíðarstarfsemi setursins.

7. gr.
Gildistaka

Starfsreglur þessar, sem stjórn Verkfræði- og náttúruvísindasviðs hefur sett, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 27. gr. reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands, taka þegar gildi. Starfsreglurnar skulu endurskoðaðar að þremur árum liðnum. Tillögur að breytingum á starfsreglunum skulu bornar undir stjórn Verkfræði- og náttúruvísindasviðs til endanlegrar ákvörðunar.